

Surtarbrandurinn í Drápuhlíðarfjalli.

Það var óþarfa fáfræði í mér að munna ekki eftir því sem í ferðabók Eggerts og Bjarna segir um það efnin; „Breiðfirðingur“ í „Lögréttu“ næsts., hefir rétt fyrir sér að því leyti. Hitt mundi ég, að próf. Þorvaldur Thoroddsen getur um surtarbrand i Drápuhlíðarfjalli, en ég tók lítið mark á því. Ekki af því, að ég treysti ekki dr. P. Th. til að gera slíkar athnganir, sem koma lítið eða ekki í búga við eldri skoðanir á jarðfræði Íslands, heldur af því að hann virtist geta um surtarbrandinn eftir annara sögusögn, en ekki eigin sjón, og það er algengt, þar sem svo er grjóti hátt-að eins og í Drápuhlíðarfjalli, að menn þykjast finna surtarbrand eða kol þar sem raunar er biksteinn. En af ástæðum sem of langt yrði að skýra frá hér (enda býst ég við að skýra frá þeim annarsstaðar) þótti mér sérlega mikið varið í að fá áreiðanlega vitneskju um surtarbrand einmitt á þessum stað, og kann ég enn hr. Birni Kristjánssyni þökk fyrir athugunina. Að finna hér á landi surtarbrand, sem almenningi umhverfis hefir ekki verið kunnugt um, er vist erfitt, en fyrir hinu hef ég talsverða reynslu, að viða hafa menn „fundið surtarbrand“ þar sem hann er alls ekki til.

H. P.

Íngi Þur 1906